

Loðnuvinnslan hf
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður

Egilsstaðir, 8.1.2025
UST202402-123/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 21. nóvember 2024 – Loðnuvinnslan, Fáskrúðs- firði, ID 88

Þann 21. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Loðnu-
vinnslunnar, Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun
frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Í eftirliti árið 2023 voru efni í efnageymslu án viðeigandi lekavarna.
Hluti efna í efnageymslu eru enn án viðeigandi lekavarna.
2. Fita, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar var ekki mælt árið 2022.
*Niðurstöður frárennslismælinga sem voru gerðar í maí 2024 voru allar í
samræmi við þær kröfur sem gerðar eru og því er frávikinu lokað.*

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Þó umhverfisstefna sé til staðar hjá rekstraraðila með n.k. umhverfismarkmið-
um er bent á að sérstök umhverfismarkmið skulu vera til staðar. Æskilegt er að
þau séu mælanleg og nái yfir þætti sem rekstraraðili hefur stjórn á.
2. Þó dregið hafi verið úr því magni ediksýru sem geymt er utandyra og hún sé
ekki í akstursleið, er ákjósanlegt að árekstravörnum verði komið fyrir við ílát fyrir
ediksýru ef geyma á sýruna utandyra.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum
tíma.
Grænu bókhaldi var skilað þann 6. maí sl. og er frávikinu því lokað.
2. Gr. 2.17 í starfsleyfi. Styrkur fitu í frárennsli frá fitugildru mældist yfir mörkum í
mælingu í maí 2023.
*Niðurstöður frárennslismælinga sem voru gerðar í maí 2024 voru allar í
samræmi við þær kröfur sem gerðar eru og því er frávikinu lokað.*
3. Gr. 8 í reglugerð nr. 884/2017. Rúmtak lekavarnar er ekki í samræmi við kröfur
í reglugerð nr. 884/2017.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2025

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur